



HÚSAKÖNNUN

MÓAR - 2021

TÆKNI- OG UMHVERFISSVIÐ
GARÐABÆJAR

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Afmörkun svæðis	2
Menningarminjar – fornleifaskráning	3
Uppbyggingarsaga	4
Húsakönnun	10
Yfirbragð byggðar - samantekt	11
Varðveislumat	12
Yfirlit um hönnuði	13
Heimildir	14

Inngangur

Húsakönnun fyrir Móa í Garðabæ er unnin samhliða deiliskipulagsvinnu fyrir hverfið. Ákvæði um húsakönnun er að finna í 37. grein skipulagslaga nr. 123/2010, en þar segir m.a.: „Þegar unnið er deiliskipulag í þegar byggðu hverfi skal lagt mat á varðveislugildi svipmóts byggða og einstakra bygginga sem fyrir eru, með gerð húsakönnunar.“

Tilgangur húsakönnunarinnar er að tryggja að nægilegar upplýsingar séu til staðar um varðveislugildi hins byggða umhverfis fyrir ákvarðanatöku um ýmis atriði, til að mynda breytingu götumynda eða breytingar á einstökum húsum. Nauðsynlegt er að átta sig á samhengi byggðarinnar og þróun skipulagssvæðisins í heild sinni.

Hvert hús í hverfinu hefur verið myndað; hönnuður tilgreindur; byggingarár og breytingar skráðar. Húsakönnun Móa er „lifandi skjal“ og hér er því ekki um tæmandi sögulega úttekt að ræða. Auðveldlega má uppfæra gögnin og bæta við upplýsingum t.d. um einstök hús, sem geta haft áhrif á varðveislugildi þeirra.

Afmörkun svæðis

Húsakönnunin nær yfir sama svæði og deiliskipulagið sem hún fylgir. Skipulagssvæðið, sem er um 8,3 ha að stærð, markast að vestan- og norðanverðu af Bæjarbraut, að austan af Hofstaðabraut og að sunnan af Lóðamörkum við Kirkjulund og Garðatorg.



Mynd 1 Loftmynd, skipulagssvæði Móa.

Menningarminjar – fornleifaskráning

Fornleifaskráning fyrir Móa var unnin af Ragnheiði Traustadóttur árið 2019. Árið 2009 kom út skýrsla um hluta svæðisins, sem gerð var af Fornleifastofnun Íslands vegna aðalskipulags Garðabæjar. Í henni er að finna skráningu á Hofsstöðum, en þó ekki tæmandi. Frá þeirri skráningu hafa staðlar Minjastofnunar Íslands breyst og ber nú meðal annars að mæla upp allar minjar. Ekki voru neinar minjar skráðar á þessu svæði en í þeirri skráningu voru Stekkurinn og Stekkjarlindin skráð og staðsett í Brekkubyggð 40-52, en það er ekki rétt.



Á svæðinu voru skráðar fjórar fornleifar og eru þær allar horfnar. Allar minjarnar hafa verið í landi Hofsstæða. Þarna er um ræða leiðir [1434], [1433], traðir [1426], Stekkurinn [1430] og Stekkjarlind [1431].


Ekki er að sjá nein merki á yfirborði um minjar á eða í námunda við skipulagssvæðið enda er það fullbyggt að mestu.

Ef áður óþekktar fornleifar koma í ljós á framkvæmdasvæðinu ber að stöðva framkvæmdir, varast frekara rask og tilkynna þegar í stað um fundinn til Minjastofnunar Íslands, sbr. 38. gr. mml. Minjastofnun Íslands metur eðli þeirra og umfang og hvort rannsókna sé þörf áður en framkvæmdir halda áfram.

Að öðru leiti er vísað í fornleifaskráninguna sem fylgir skjali þessu sem viðauki.

Uppbyggingarsaga

Þéttbýlismyndun hófst í Garðahreppi, nú Garðabæ, í kringum 1950, en áður höfðu risið nokkur hús við Silfurtún og einnig í Hraunsholti. Fyrsta tillaga að deiliskipulagi var gerð árið 1955 og náði hún yfir svæðið beggja vegna Hafnarfjarðavegar, frá Arnarneslæk að Engidal. Upp úr 1960 reis byggð sunnan Víflsstaðavegar á Flötum, svo og á Arnarnesi, en síðar norðan Víflsstaðavegar, að mestu leyti í landi Hofstaða.




Mynd 2 Þróun byggðar í Garðabæ 1960-1990.

Á uppdrætti fyrir Garðahrepp, sem unninn var af Teiknistofu skipulagsins, eru sýnd skipulagsáform fyrir miðbæjarsvæði og íbúðabyggð norðan Víflsstaðavegar og austan við hverfið Silfurtún, sem þá var byggt að hálfu leyti. Á uppdrættinum eru Bæjarbraut og Lundahverfið sýnd í nánast þeirri útfærslu sem raunin varð.




Mynd 2 Skipulagsuppdráttur, sem unninn var af Teiknistofu skipulagsins, dags. 7.11.1969.

Áform um miðbæ breyttust þannig að lega hans varð meira meðfram Víflsstaðavegi og árið 1975 voru kynnt frumdrög þar sem meðal annars var gert ráð fyrir yfirbyggðum göngugötum og bílastæðum undir byggingum. Þessi áform reyndust ótímabær í ekki stærra sveitarfélagi, og urðu slíkar hugmyndir um verslunarsvæði síðan að veruleika í Kringlunni í Reykjavík og Mjódd að nokkru leyti.



Mynd 3 Frumdrög að skipulagi miðbæjar Garðahrepps, dags 14.11.1974, unnin af arkitektunum Pálmari Ólasyni og Gesti Ólafssyni.

Í sögu Garðabæjar er fjallað um þróun byggðarinnar. "Á fyrstu stigum þéttbýlismyndunar í Garðahreppi var að mestu gert ráð fyrir lágrestum einbýlishúsum á stórum lóðum. Um og upp úr 1970 var vaxandi umræða um nauðsyn þess að byggja einnig fjölbýlishús með litlum íbúðum, þannig að unnt væri að koma á móts við óskir yngra fólks sem vildi setjast að í bænum. Helst var talið koma til greina að reisa 3-4 hæða fjölbýlishús, 60-90 fermetra íbúðir. Ekki voru þó allir á eitt sáttir um að breyta þannig byggingarstefnu bæjarins en bærileg sátt varð um að leggja um 7 hektara svæði norðan við fyrirhugaðan miðbæ undir slíkar byggingar. Var þessu nýja hverfi gefið nafnið Móar.



Mynd 4 Frumdrög að skipulagi fjölbýlishúsa sunnan Bæjarbrautar, dags. sept. 1975, unnin af arkitektunum Pálmari Ólasyni og Stefáni Benediktssyni.

Sigurvin og fleiri stofnuðu fyrirtækið Sigurmót hf og hófu framkvæmdir. Ný tækni var notuð, flekamót sem færð voru til eftir þörfum með byggingarkrana. Átti þessi aðferð að flýta svo framkvæmdum að ekki tæki nema vikutíma að gera stigahús fokhelt. Stærstu íbúðirnar voru um hundrað fermetrar og fjögurra herbergja. Bílskúr fylgdi öllum íbúðum og voru þær boðnar á mun lægra verði en gerðist og gekk á fasteignamarkaðinum. Gekk sala á íbúðum vel og færri fengu en vildu.



Mynd 7 Fjölbýlishús við Lyngmóa 1-7, hönnuð af arkitektunum Pálmari Ólasyni og Stefáni Benediktssyni.

Fljótlega tóku erfiðleikar að gera vart við sig hjá framkvæmdaaðilanum. Lagt hafði verið í mikinn kostnað við kaup á steypumótum og framkvæmdir gengu ekki eins vel og áformað var. Að auki voru íbúðirnar í fyrstu boðnar á föstu verði en mikil verðbólga olli því að dæmið gekk ekki upp. Varð af þessu hálfgerð sorgarsaga bæði fyrir fyrirtækið og marga íbúðakaupendur sem fengu ekki afhentar íbúðir sínar eins og samið hafði verið um. Þótt saga Sigurmóta hf endaði illa risu íbúðirnar við Lyngmóa. Fleiri fjölbýlishús voru síðan reist í samræmi við skipulag í Móahverfinu og um miðjan níunda áratuginn var hverfið að mestu fullbyggt og þar með orðið eitt fjölmennasta hverfið í Garðabæ."

Þegar kom að nánari útfærslu svæðisins ofan við Lyngmóa var horfið frá hugmyndum um fjölbýlishús og stefnt að byggingu lítilla raðhúsa, sem henta myndu ungu fólki. Svæðinu var úthlutað til félagsins Bygging í Garðabæ, sem stofnað var sérstaklega fyrir þessi áform. Sams konar fyrirkomulag hafði



Mynd 8 Skipulag fyrir Kjarrmóa, dags. 31. ágúst 1979, unnið af Róbert Péturssyni, arkitekt.

verið um tíma um byggingu íbúða í Reykjavík, reyndar fyrir fjölbýlishús, og þótti hafa tekist vel. Tilgangur Bygging var að reisa íbúðarhúsnæði fyrir félagsmenn sína á sem hagkvæmasta og ódýrasta hátt, stuðla að nýjungum í byggingariðnaði og hafa áhrif á stefnumótun opinberra aðila í byggingarmálum, jafnframt því að veita upplýsinga- og ráðgjafajónustu um húsnæðis- og lánamál. Framkvæmdir á sömu forsendum hófust einnig í Mosfellsbæ og voru þar byggð raðhús.

Bygging réð Róbert Pétursson arkitekt til að gera skipulagshugmyndir að svæðinu og voru teikningar frá honum samþykktar í skipulagsnefnd Garðabæjar 31. júlí 1979. Á svæðinu var gert ráð fyrir 48 raðhúsum, 70 - 140 m² að stærð. Í fyrsta áfanga var áætlað að byggja 25 hús og að byggingartími þeirra yrði 24 mánuðir. Við afhendingu voru húsin fullfrágengin að utan sem innan.



Mynd 9 Raðhús við Kjarmóa, hönnuð af Róbert Péturssyni, arkitekt.

Samtímis uppbyggingu í Móahverfi, reis fyrsti áfangi nýrrar kirkjubyggingar, safnaðarheimili, við Kirkjulund og var álitid æskilegt að í nágrenninu væri lóð fyrir prestsbústað. Sunnan við Kjarmóa var skiki á milli Hofstaðabrautar og Kirkjulundar sem reyndist heppilegur fyrir tvær einbýlishúsalóðir og var samþykkt sérstakt deiliskipulag fyrir þær, en einungis annarri lóðinni var úthlutað en þó ekki í samræmi við upphaflegan tilgang.



Mynd 10 Til vinstri, skipulag fyrir tvær íbúðalóðir við safnaðarheimili, dags. maí 1980, unnið af Pálmari Ólasyni, arkitekt.

Um ástæður þessa er fjallað í bæjarblaðinu Garðari þ. 19. maí 1982: *"En hverju hefur svo verið breytt í útfærslu miðbæjarskipulagsins?"*

[illegible]


9

- Þriðja áfanga miðbæjarins breytti bæjarstjórn úr verslunar- og þjónustuhúsnæði í íbúðabyggingar. Þetta er gert í samræmi við niðurstöður athugunar Skipulagsstofu höfuðborgarsvæðisins um að þörfin fyrir þetta húsnæði væri ofmetin. Engin fagleg gagnrýni hefur komið fram við þessa ákvörðun. Þarna er nú gert ráð fyrir samþýlishúsum, líkum þeim sem risin eru við Lyngmóa og hafa mælst vel fyrir hjá unga fólkinu í bænum.

- Áður var reiknað með fyrirferðarmiklu 5-6 hæða húsi, sem hefði getað orðið hótél, ef áhugi væri fyrir slíkri byggingu, sem ekki er. Í stað þessarar byggingar, sem er í 1. áfanga miðbæjarins, er gert ráð fyrir byggingu, sem er mun minni að flatarmáli, en 2 til 3 hæðum hærrí. Þetta hús verður nú talsvert lægra í landinu en fyrri byggingin átti að vera. Þarna eiga að koma rúmgóðar íbúðir, sem henta vel þeim, sem vilja flytja úr einbýlis- og raðhúsum í minna húsnæði, t.d. vegna aldurs. Þá er mjög æskilegt að húsnæðið sé nærri þjónustu og verslun og lyfta nauðsynleg. Eigi svona íbúðir ekki að vera óhóflega dýrar verður húsið annað hvort að vera hátt eða að vera stórt að flatarmáli og eftir sem áður a.m.k. 5 hæðir."

Áform um hugsanlegt hótél breyttust í fjölbýlishúsið Hrismóa 1 og var lóðin jafnframt færð til norðurs. Á upphaflegum, samþykktum aðaluppdráttum er húsið 10 hæðir, en á byggingarstigi, þegar bygging þess var langt komin, fékkst samþykki fyrir einni hæð til viðbótar. Samkvæmt skipulagi og samþykktum uppdráttum var einnig gert ráð fyrir tveggja hæða bílastæðahúsi á lóðinni.

Skipulagi á svæðinu norðan við Hrismóa 1 var síðan breytt árið 1983 og risu þar 6 fjölbýlishús í stað þriggja samkvæmt eldra skipulagi.



Mynd 13 Skipulag lóðanna Hrismóa 3-13 unnið af Pálmarí Ólasyni arkitekt.

Húsakönnun

Í 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 segir m.a.: „Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. Minjastofnun

Íslands setur reglur um lágmarkskröfur sem gera skal til skráningar fyrir hvert skipulagsstig og er heimilt að gera samkomulag við skipulagsyfirvöld um framvindu skráningarstarfsins enda sé tryggt að því verði lokið innan hæfilegs tíma” (Minjastofnun Íslands, <http://www.minjastofnun.is/gagnasafn-/husakannanir/>). Niðurstaða húsakönnunar er notuð til að marka stefnu um vernd eða friðun húsa og götumynda til framtíðar.

Byggingarár húsa er að jafnaði samkvæmt Fasteignaskrá, en leiðrétt samanber efirfarandi: Í gögnum um gerð lóðarleigusamninga kemur fram að þeir verði gerðir þegar staðfest er að hús sé fokhelt. Ef ártal í Fasteignaskrá Þjóðskrár er yngra en fram kemur í lóðarleigusamningi er ártal lóðarleigusamnings talið byggingarár hússins. Þann fyrirvara verður þó að gera, að fullnaðargerð húss getur varað í þó nokkurn tíma frá fokheldisstigi.



Mynd 14 Miðsvæði lóða við Lyngmóa, séð í norður

Yfirbragð byggðar - samantekt

Í hverfinu eru 74 hús, nánast öll fjölbýlis- eða raðhús, með samtals 270 íbúðum. Fjölbýlishús eru við göturnar Lyngmóa og Hrísmóa en raðhús við Kjarmmóa. Við Lyngmóa eru öll húsin eftir sömu arkitektana, Pálmar Ólason og Stefán Benediktsson, og byggð á sömu grundvallarútfærslu og yfirbragð hverfisins stílhreint. Sama má segja um Kjarmmóa, þar er skipulag og hönnun allra húsa eftir einn arkitekt, Róbert Pétursson. Við Hrísmóa urðu breytingar á skipulagi samtímis uppbyggingunni og ber yfirbragð byggðar keim af þeirri staðreynd og eru húsin hönnuð af ýmsum arkitektum.



Mynd 15 Raðhús við Kjarmmóa

Við Lyngmóa eru hús 4 hæðir við götu en 3 við garðhlið. Raðhús við Kjarmmóa eru flest ein hæð og ris en nokkur eru tveggja hæða. Við Hrísmóa eru flest húsin 4 hæðir, eitt er 6 hæðir og eitt 11 hæðir.



Mynd 16 Efsti hluti Hrísmóa, séð í suðvestur

Varðveislumat

Við mat á varðveislugildi er mat lagt á fjóra þætti: Byggingarlist eða listrænt gildi, menningarsögulegt gildi, umhverfsgildi og upprunalega gerð. Niðurstaða úr þessum matsþáttum er varðveislugildið og á því byggjast tillögur um varðveislu og verndun.

Skipulagssvæði Móa skiptist í þrjá hverfishluta; A Lyngmóa, B Kjarrmóa og C Hrísmóa. Engin hús eru byggð fyrir 1925 og því eru engin hús umsagnarskyld, friðuð eða friðlýst, skv. lögum um menningarminjar. Ef ástæða þykir til að leggja hverfisvernd á svæðið, verður það gert með sérstakri deiliskipulagsbreytingu.



Mynd 17 Móa, hverfishlutar sbr. deiliskipulagsgögn.

Byggingarlist er m.a. mat á hlutföllum, samsvörun í útliti og úrvinnslu einstakra byggingarluta ásamt því að skoða samspil forms, efnismeðferðar og notagildis. Matið er miðað við útlit hússins eins og það er þegar matið fer fram og þá lagt mat á þær breytingar sem gerðar hafa verið á húsinu í gegnum tíðina. Einnig er metið hvort um er að ræða tæknilegar nýjungar eða efnisval miðað við byggingartíma hússins.

Menningarsögulegt gildi byggir m.a. á því hvort sögufrægir atburðir og/eða persónur tengjast húsinu eða að það standi á sögufrægum stað.

Umhverfisgildi er m.a. metið út frá mikilvægi húss fyrir götummynd eða hverfi og færð rök fyrir mikilvægi þess í umhverfi sínu. Jafnframt er lagt mat á hvort staðsetning húss í landslagi eða á lóð falli að umhverfinu eða ekki.

Upprunaleg gerð er metin út frá því hvernig hún hefur varðveist og reynt að meta hvernig til hefur tekist með viðgerðir, viðbyggingar eða breytingar og hvort þær styrki eða veiki mikilvæga byggingarhluta eða húsið í heild. Varðveislugildi er síðan metið út frá þessum þáttum en hafa ber í huga að mat á byggingarlist, menningarsögu og umhverfi vega þungst. Mat á varðveislugildi húsa eða byggðar verður alltaf huglægt og aldrei hafið yfir gagnrýni eða vafa. Nýjar upplýsingar eða breytingar á húsi geta leitt til endurmats og breytt varðveislugildi.



Mynd 18 Hrísmóar 3-9, séð í vestur

Mat einstakra húsa gefur ekki tilefni til verndunarákvæða en vakin er athygli á því góða heildaryfirbragði sem ríkir bæði í Lyngmóum og Kjarmóum og ástæða er til að varðveita. Þó að heildin sé sundurleit við Hrísmóa, þá eru þar nokkur bærilega vel hönnuð hús og má þar t.d. nefna háhýsið Hrísmóa 1.

Yfirlit um hönnuði

Á athugunarsvæðinu eru 74 byggingar, fjölbýlishús, raðhús, eitt einbýlishús og spennistöð. Í töflunni hér að neðan er yfirlit um fjölda bygginga eftir starfsmenntun hönnuða.

	nr.	fjöldi	arkitektar	tæknifr.	byggfr.	verkfr	aðrir	Húsnst.
Lyngmóar	1-16	15	14				1	
Kjarmóar	1-50	48	48					
Hrísmóar	1-13	10	6	2			1	
Kirkjulundur	4	1	1	1				1
		74	69	3	0	0	2	1

Heimildir

- . Móar, Garðabæ. Deiliskipulag útg. 2020, skipulagslýsing
- . Þjóðskrá Íslands, fasteignaskrá
- . Lóðarleigusamningar í skjalasafni Garðabæjar
- . Umsóknir um byggingarleyfi ofl. gögn í skjalasafni Garðabæjar
- . Aðaluppdrættir húsa í skjalasafni Garðabæjar
- . Saga Garðabæjar II bindi, bls. 191-192
- . Bæjarblaðið Garðar 19. maí 1982
- . Samtöl við Pálmar Ólason, arkitekt
- . Skoðun á staðnum m.a. til athugunar á síðari tíma breytingum
- . Ljósmyndir Einar Ingimarsson

Fyrsti eigandi:

Hönnuður: Pálmar Ólason & Stefán Benediktsson

Upphafleg notkun: Íbúð

Núverandi notkun: Íbúð



teikning höfunda 1977



mynd 18. sept. 2019

Gerð húss:**Upphafleg:****Núverandi:****Helstu breytingar:****Hönnuðir breytinga:**

Byggingarefni: Steinsteyp

Útveggir: Múrsléttað

Þakgerð: Mænisþak

Þakklæðning: Bárujárn

Undirstaða: Steinsteyp

Útlit: Fjórlyft

Steinsteyp

Múrsléttað

Mænisþak

Bárujárn

Steinsteyp

Fjórlyft

Saga

Fjölbýlishús með 9 íbúðum

Lóð úthlutað skv. ályktun bæjarstjórnar 3. júní 1976

Lóðarhafi Sigurmót hf, Garðabæ

Eftir gjaldprot Sigurmóta var lóðin leigð "húsbyggjendum að Lyngmóum 1", skv. ályktun bæjarstjórnar 30. október 1980.

Lóðinni var síðan afsalað til Garðabæjar 31. mars 1981 og aftur afsalað til Furu hf 29. des. 1981, sem reisti húsið á lóðinni.

Fyrstu aðaluppdrættir samþykktir af byggingarnefnd 27. júlí 1977

Lóðarleigusamningur gerður dags. 18. október 1982

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist: Miðlungs Byggingartækni og efnisval eru hefðbundin dæmi síns tíma

Menningarsögulegt gildi: Miðlungs Hefur gildi sem hluti af skipulagssögu bæjarins

Umhverfisgildi: Miðlungs Fellur vel að skipulagi og umhverfi

Upprunalegt gildi: Miðlungs Húsið er að mestu óbreytt í útliti, þrátt fyrir klæðningu

Tæknilegt ástand: Hátt Húsið virðist í góðu ástandi

Varðveislugildi: Miðlungs Er hluti af skipulagi fjölbýlishúsa með samræmdu útliti


Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi:

Hönnuður: Pálmar Ólason & Stefán Benediktsson

Upphafleg notkun: Íbúð

Núverandi notkun: Íbúð



teikning höfunda 1976



mynd 26.sept. 2019

Gerð húss:**Upphafleg:****Núverandi:**

Byggingarefni: Steinsteipt

Útveggir: Múrsléttað

Þakgerð: Stallað risþak

Þakklæðning: Bárujárn

Undirstaða: Steinsteipt

Útlit: Fjórlyft

Steinsteipt

Málmlæðning

Stallað risþak

Bárujárn

Steinsteipt

Fjórlyft

Helstu breytingar:

2000 Málmlæðning á útveggi og glerlokanir á svalir

2016 Pallar við svalir á neðstu hæð, bætt við glugga á gafl ofl.

Hönnuðir breytinga:

Einar Ingimarsson, Arkitekt

Björn Skaptason, Arkitekt

Saga

Fjölbýlishús með 6 íbúðum

Lóð úthlutað skv. ályktun bæjarstjórnar 3. júní 1976

Lóðarhafi Sigurmót hf, Garðabæ

Fyrstu aðaluppdrættir samþykktir af byggingarnefnd 28. júlí 1976

Lóðarleigusamningur gerður dags. 22. mars 1977

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist: Miðlungs Byggingartækni og efnisval eru hefðbundin dæmi síns tíma

Menningarsögulegt gildi: Miðlungs Hefur gildi sem hluti af skipulagssögu bæjarins

Umhverfisgildi: Miðlungs Fellur vel að skipulagi og umhverfi

Upprunalegt gildi: Miðlungs Húsið er að mestu óbreytt í útliti, þrátt fyrir klæðningu

Tæknilegt ástand: Hátt Húsið virðist í góðu ástandi

Varðveislugildi: Miðlungs Er hluti af skipulagi fjölbýlishúsa með samræmdu útliti

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi:

Hönnuður: Pálmar Ólason & Stefán Benediktsson

Upphafleg notkun: Íbúð

Núverandi notkun: Íbúð



teikning höfunda 1981



mynd 18. sept. 2019

Gerð húss:**Upphafleg:****Núverandi:****Helstu breytingar:****Hönnuðir breytinga:**

Byggingarefni: Steinsteyp

Steinsteyp

1991 Gerðir laufskálar á hluta af svölum

Einar Ingimarsson, Arkitekt

Útveggir: Múrsléttað

Múrsléttað

Þakgerð: Stallað risþak

Stallað risþak

Þakklæðning: Bárujárn

Bárujárn

Undirstaða: Steinsteyp

Steinsteyp

Útlit: Fjórlyft

Fjórlyft

Saga

Fjölbýlishús með 6 íbúðum

Lóð úthlutað skv. ályktun bæjarstjórnar 3. júní 1976

Lóðarhafi Sigurmót hf, Garðabæ

Eftir gjaldþrot Sigurmóta var lóðin leigð "húsbyggjendum að Lyngmóum 3", skv. úthlutunarsamningi dags. 23. júlí 1980.

Lóðinni var síðan afsalað til Garðabæjar 12. febr. 1981 og aftur afsalað til Gunnars Sv. Jónssonar, sem reisti húsið á lóðinni.

Fyrstu aðaluppdrættir samþykktir af byggingarnefnd 27. júlí 1977. Áður en til framkvæmda kom var útfærslu hússins breytt og gluggum fjölgað á framhlið og voru þeir uppdrættir samþykktir 8. júlí 1981.

Lóðarleigusamningur gerður dags. 6. júlí 1982

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:

Miðlungs

Byggingartækni og efnisval eru hefðbundin dæmi síns tíma

Menningarsögulegt gildi:

Miðlungs

Hefur gildi sem hluti af skipulagssögu bæjarins

Umhverfisgildi:

Miðlungs

Fellur vel að skipulagi og umhverfi

Upprunalegt gildi:

Miðlungs

Húsið er að mestu óbreytt í útliti

Tæknilegt ástand:

Hátt

Húsið virðist í góðu ástandi

Varðveislugildi:

Miðlungs

Er hluti af skipulagi fjölbýlishúsa með samræmdu útliti

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi:

Hönnuður: Pálmar Ólason & Stefán Benediktsson

Upphafleg notkun: Íbúð

Núverandi notkun: Íbúð



teikning höfunda 1976



mynd 29.sept.2019

Gerð húss:**Upphafleg:****Núverandi:****Helstu breytingar:****Hönnuðir breytinga:**

Byggingarefni: Steinsteipt

Útveggir: Múrsléttað

Þakgerð: Stallað risþak

Þakklæðning: Bárujárn

Undirstaða: Steinsteipt

Útlit: Fjórlyft

Steinsteipt

Múrsléttað

Stallað risþak

Bárujárn

Steinsteipt

Fjórlyft

1991 Gerðir laufskálar á hluta af svölum

Einar Ingimarsson, Arkitekt

Saga

Fjölbýlishús með 6 íbúðum

Lóð úthlutað skv. ályktun bæjarstjórnar 3. júní 1976

Lóðarhafi Sigurmót hf, Garðabæ

Fyrstu aðaluppdrættir samþykktir af byggingarnefnd 6. október 1976

Lóðarleigusamningur gerður dags. 22. mars 1977

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:

Miðlungs

Byggingartækni og efnisval eru hefðbundin dæmi síns tíma

Menningarsögulegt gildi:

Miðlungs

Hefur gildi sem hluti af skipulagssögu bæjarins

Umhverfisgildi:

Miðlungs

Fellur vel að skipulagi og umhverfi

Upprunalegt gildi:

Miðlungs

Húsið er að mestu óbreytt í útliti

Tæknilegt ástand:

Hátt

Húsið virðist í góðu ástandi

Varðveislugildi:

Miðlungs

Er hluti af skipulagi fjölbýlishúsa með samræmdu útliti

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi:

Hönnuður: Pálmar Ólason & Stefán Benediktsson

Upphafleg notkun: Íbúð

Núverandi notkun: Íbúð



teikning höfunda 1981



mynd 18. sept. 2019

Gerð húss:**Upphafleg:****Núverandi:****Helstu breytingar:****Hönnuðir breytinga:**

Byggingarefni: Steinsteyp

Útveggir: Múrsléttað

Þakgerð: Stallað risþak

Þakklæðning: Bárujárn

Undirstaða: Steinsteyp

Útlit: Fjórlyft

Steinsteyp

Múrsléttað

Stallað risþak

Bárujárn

Steinsteyp

Fjórlyft

Saga

Fjölbýlishús með 6 íbúðum

Lóð úthlutað skv. ályktun bæjarstjórnar 3. júní 1976

Lóðarhafi Sigurmót hf, Garðabæ

Eftir gjaldþrot Sigurmóta var lóðin leigð "húsbyggjendum að Lyngmóum 5", skv. úthlutunarsamningi dags. sept. 1980.

Lóðinni var síðan afsalað til Garðabæjar og aftur afsalað skv. ályktun bæjarstjórnar dags. 18. maí 1981 til Gunnars Sv. Jónssonar, sem reisti húsið á lóðinni.

Fyrstu aðaluppdrættir samþykktir af byggingarnefnd 27. júlí 1977. Áður en til framkvæmda kom var útfærslu hússins breytt og gluggum fjölgað á framhlið og voru þeir uppdrættir samþykktir 8. júlí 1981.

Lóðarleigusamningur gerður dags. 6. janúar 1982

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist: Miðlungs Byggingartækni og efnisval eru hefðbundin dæmi síns tíma

Menningarsögulegt gildi: Miðlungs Hefur gildi sem hluti af skipulagssögu bæjarins

Umhverfisgildi: Miðlungs Fellur vel að skipulagi og umhverfi

Upprunalegt gildi: Hátt Húsið er að mestu óbreytt í útliti

Tæknilegt ástand: Hátt Húsið virðist í góðu ástandi

Varðveislugildi: Miðlungs Er hluti af skipulagi fjölbýlishúsa með samræmdu útliti

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi:
Hönnuður: Pálmar Ólason & Stefán Benediktsson

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



teikning höfunda 1976



mynd 4. maí 2020

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steinsteyp	Steinsteyp	1993 Gerðir laufskálar á hluta af svölum	Einar Ingimarsson, Arkitekt
Útveggir:	Múrsléttað	Múrsléttað	1994 Laufskálum á hluta af svölum breytt	Einar Ingimarsson, Arkitekt
Þakgerð:	Stallað risþak	Stallað risþak	2002 Laufskálar gerðir á svalir í heild	Sóley Jónsdóttir, Arkitekt
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn		
Undirstaða:	Steinsteyp	Steinsteyp		
Útlit:	Fjórlyft	Fjórlyft		

Saga

Fjölbýlishús með 6 íbúðum

Lóð úthlutað skv. ályktun bæjarstjórnar 3. júní 1976
Lóðarhafi Sigurmót hf, Garðabæ
Fyrstu aðaluppdrættir samþykktir af byggingarnefnd 6. október 1976
Lóðarleigusamningur gerður dags. 22. mars 1977

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Byggingartækni og efnisval eru hefðbundin dæmi síns tíma
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Hefur gildi sem hluti af skipulagssögu bæjarins
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Fellur vel að skipulagi og umhverfi
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsið er að mestu óbreytt í útliti
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsið virðist í góðu ástandi

Varðveislugildi: Er hluti af skipulagi fjölbýlishúsa með samræmdu útliti

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi:

Hönnuður: Pálmar Ólason & Stefán Benediktsson

Upphafleg notkun: Íbúð

Núverandi notkun: Íbúð



teikning höfunda 1977



mynd 18.sept. 2019

Gerð húss:**Upphafleg:****Núverandi:****Helstu breytingar:****Hönnuðir breytinga:**

Byggingarefni: Steinsteyp

Útveggir: Múrsléttað

Þakgerð: Mænisþak

Þakklæðning: Bárujárn

Undirstaða: Steinsteyp

Útlit: Fjórlyft

Steinsteyp

Múrsléttað

Mænisþak

Bárujárn

Steinsteyp

Fjórlyft

Saga

Fjölbýlishús með 9 íbúðum

Lóð úthlutað skv. ályktun bæjarstjórnar 3. júní 1976

Lóðarhafi Sigurmót hf, Garðabæ

Eftir gjaldprot Sigurmóta var lóðin leigð "húsbyggjendum að Lyngmóum 7", skv. ályktun bæjarstjórnar dags. 30. des. 1980.

Í framhaldinu ákváðu húsbyggjendur að láta gera útboðsgögn um byggingu hússins og voru framkvæmdir boðnar út árið 1981.

Fyrstu aðaluppdrættir samþykktir af byggingarnefnd 27. júlí 1977

Lóðarleigusamningur gerður dags. 11. desember 1981

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist: Miðlungs Byggingartækni og efnisval eru hefðbundin dæmi síns tíma

Menningarsögulegt gildi: Miðlungs Hefur gildi sem hluti af skipulagssögu bæjarins

Umhverfisgildi: Miðlungs Fellur vel að skipulagi og umhverfi

Upprunalegt gildi: Hátt Húsið er að mestu óbreytt í útliti

Tæknilegt ástand: Hátt Húsið virðist í góðu ástandi

Varðveislugildi: Miðlungs Er hluti af skipulagi fjölbýlishúsa með samræmdu útliti

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi:
Hönnuður:

Upphafleg notkun: spennistöð
Núverandi notkun: spennistöð



teikning ekki tiltæk

mynd 4. maí 2020

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útveggir:	Ómúrað	Ómúrað		
Þakgerð:	Flatt þak	Flatt þak		
Þakklæðning:	Pappi	Pappi		
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útlit:	Einlyft	Einlyft		

Saga

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Lágt	Byggingartækni og efnisval eru hefðbundin
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Húsið hefur ekki menningarsögulegt gildi
Umhverfisgildi:	Lágt	Fellur ekki vel að umhverfi í kring
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið er óbreytt í útliti
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsið er í góðu ástandi


Varðveislugildi:	Lágt	Húsið hefur ekki mikið varðaveislugildi
Verndarflokkar:		

Fyrsti eigandi:

Hönnuður: Pálmar Ólason & Stefán Benediktsson

Upphafleg notkun: Íbúð

Núverandi notkun: Íbúð



teikning höfunda 1976



mynd 18. sept.2019

Gerð húss:**Upphafleg:****Núverandi:**

Byggingarefni: Steinsteipt

Útveggir: Múrsléttað

Þakgerð: Stallað risþak

Þakklæðning: Bárujárn

Undirstaða: Steinsteipt

Útlit: Fjórlyft

Steinsteipt

Múrsléttað

Stallað risþak

Bárujárn

Steinsteipt

Fjórlyft

Helstu breytingar:

1993 Fjölgun um 1 herb. í íbúð á 2. hæð

2003 Klæðning á gafi og laufskálar á svalir

Hönnuðir breytinga:

Pálmar Ólason, Arkitekt

Einar Ingimarsson, Arkitekt

Saga

Fjölbýlishús með 6 íbúðum

Lóð úthlutað skv. ályktun bæjarstjórnar 3. júní 1976

Lóðarhafi Sigurmót hf, Garðabæ

Fyrstu aðaluppdrættir samþykktir af byggingarnefnd 28. júlí 1976

Lóðarleigusamningur gerður dags. 4. október 1977

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist: Miðlungs Byggingartækni og efnisval eru hefðbundin dæmi síns tíma

Menningarsögulegt gildi: Miðlungs Hefur gildi sem hluti af skipulagssögu bæjarins

Umhverfisgildi: Miðlungs Fellur vel að skipulagi og umhverfi

Upprunalegt gildi: Miðlungs Húsið er að mestu óbreytt í útliti

Tæknilegt ástand: Miðlungs Vðhald utanhúss er framundan

Varðveislugildi: Miðlungs Er hluti af skipulagi fjölbýlishúsa með samræmdu útliti


Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi:

Hönnuður: Pálmar Ólason & Stefán Benediktsson

Upphafleg notkun: Íbúð

Núverandi notkun: Íbúð



teikning höfunda 1976



mynd 29. sept.2019

Gerð húss:**Upphafleg:****Núverandi:****Helstu breytingar:****Hönnuðir breytinga:**

Byggingarefni: Steinsteyp

Útveggir: Múrsléttað

Þakgerð: Stallað risþak

Þakklæðning: Bárujárn

Undirstaða: Steinsteyp

Útlit: Fjórlyft

Steinsteyp

Múrsléttað

Stallað risþak

Bárujárn

Steinsteyp

Fjórlyft

Saga

Fjölbýlishús með 6 íbúðum

Lóð úthlutað skv. ályktun bæjarstjórnar 3. júní 1976

Lóðarhafi Sigurmót hf, Garðabæ

Eftir gjaldþrot Sigurmóta var lóðin aftur leigð og húsið reist, en ekki er vitað hver var verktaki

Fyrstu aðaluppdrættir samþykktir af byggingarnefnd 27. júlí 1977

Lóðarleigusamningur gerður dags. óþekkt

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:

Miðlungs

Byggingartækni og efnisval eru hefðbundin dæmi síns tíma

Menningarsögulegt gildi:

Miðlungs

Hefur gildi sem hluti af skipulagssögu bæjarins

Umhverfisgildi:

Miðlungs

Fellur vel að skipulagi og umhverfi

Upprunalegt gildi:

Hátt

Húsið er að mestu óbreytt í útliti

Tæknilegt ástand:

Hátt

Húsið virðist í góðu ástandi

Varðveislugildi:


Miðlungs

Er hluti af skipulagi fjölbýlishúsa með samræmdu útliti

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi:
Hönnuður: Pálmar Ólason & Stefán Benediktsson

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



teikning höfunda 1976



mynd 18. sept. 2019

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steinsteyp	Steinsteyp	1996 Gerðir laufskálar á hluta af svölum	Einar Ingimarsson, Arkitekt
Útveggir:	Múrsléttað	Múrsléttað	2005 Laufskálum á svölum breytt	Einar Ingimarsson, Arkitekt
Þakgerð:	Stallað risþak	Stallað risþak		
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn		
Undirstaða:	Steinsteyp	Steinsteyp		
Útlit:	Fjórlyft	Fjórlyft		

Saga

Fjölbýlishús með 6 íbúðum

Lóð úthlutað skv. ályktun bæjarstjórnar 3. júní 1976
Lóðarhafi Sigurmót hf, Garðabæ
Fyrstu aðaluppdrættir samþykktir af byggingarnefnd 28. júlí 1976
Lóðarleigusamningur gerður dags. 4. október 1977

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Byggingartækni og efnisval eru hefðbundin dæmi síns tíma
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Hefur gildi sem hluti af skipulagssögu bæjarins
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Fellur vel að skipulagi og umhverfi
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið er að mestu óbreytt í útliti
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsið virðist í góðu ástandi
Varðveislugildi:	Miðlungs	Er hluti af skipulagi fjölbýlishúsa með samræmdu útliti
Verndarflokkar:		

Fyrsti eigandi:

Hönnuður: Pálmar Ólason & Stefán Benediktsson

Upphafleg notkun: Íbúð

Núverandi notkun: Íbúð



teikning höfunda 1977



mynd 29. sept.2019

Gerð húss:**Upphafleg:****Núverandi:****Helstu breytingar:****Hönnuðir breytinga:**

Byggingarefni: Steinsteyp

Útveggir: Múrsléttað

Þakgerð: Mænisþak

Þakklæðning: Bárújárn

Undirstaða: Steinsteyp

Útlit: Fjórlyft

Steinsteyp

Málmlæðning

Mænisþak

Bárújárn

Steinsteyp

Fjórlyft

Saga

Fjölbýlishús með 9 íbúðum

Lóð úthlutað skv. ályktun bæjarstjórnar 3. júní 1976

Lóðarhafi Sigurmót hf, Garðabæ

Fyrstu aðaluppdrættir samþykktir af byggingarnefnd 27. júlí 1977

Lóðarleigusamningur gerður dags. 25. júlí 1977

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:

Miðlungs

Byggingartækni og efnisval eru hefðbundin dæmi síns tíma

Menningarsögulegt gildi:

Miðlungs

Hefur gildi sem hluti af skipulagssögu bæjarins

Umhverfisgildi:

Miðlungs

Fellur vel að skipulagi og umhverfi

Upprunalegt gildi:

Hátt

Húsið er að mestu óbreytt í útliti

Tæknilegt ástand:

Hátt

Húsið virðist í góðu ástandi

Varðveislugildi:

Miðlungs

Er hluti af skipulagi fjölbýlishúsa með samræmdu útliti


Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi:

Hönnuður: Pálmar Ólason & Stefán Benediktsson

Upphafleg notkun: Íbúð

Núverandi notkun: Íbúð



teikning höfunda 1976



mynd 18. sept. 2019

Gerð húss:**Upphafleg:****Núverandi:**

Byggingarefni: Steinsteipt

Útveggir: Múrsléttað

Þakgerð: Stallað risþak

Þakklæðning: Bárujárn

Undirstaða: Steinsteipt

Útlit: Fjórlyft

Steinsteipt

Málmklæðning

Stallað risþak

Bárujárn

Steinsteipt

Fjórlyft

Helstu breytingar:

1992 Gerðir laufskálar á hluta af svölum

2006 Klæðning á útveggi og laufskálum breytt

Hönnuðir breytinga:

Einar Ingimarsson, Arkitekt

Einar Ingimarsson, Arkitekt

Saga

Fjölbýlishús með 6 íbúðum

Lóð úthlutað skv. ályktun bæjarstjórnar 3. júní 1976

Lóðarhafi Sigurmót hf, Garðabæ

Fyrstu aðaluppdrættir samþykktir af byggingarnefnd 28. júlí 1976

Lóðarleigusamningur gerður dags. 12. júlí 1978

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:

Miðlungs

Byggingartækni og efnisval eru hefðbundin dæmi síns tíma

Menningarsögulegt gildi:

Miðlungs

Hefur gildi sem hluti af skipulagssögu bæjarins

Umhverfisgildi:

Miðlungs

Fellur vel að skipulagi og umhverfi

Upprunalegt gildi:

Miðlungs

Húsið er að mestu óbreytt í útliti, þrátt fyrir klæðningu og svalalokanir

Tæknilegt ástand:

Hátt

Húsið virðist í góðu ástandi

Varðveislugildi:


Miðlungs

Er hluti af skipulagi fjölbýlishúsa með samræmdu útliti

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi:
Hönnuður: Pálmar Ólason & Stefán Benediktsson

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



teikning höfunda 1976



mynd 18. sept.2019

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt	1997 Klæðning á útveggi og laufskálar á svölum	Einar Ingimarsson, Arkitekt
Útveggir:	Múrsléttað	Málmklæðning		
Þakgerð:	Stallað risþak	Stallað risþak		
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn		
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útlit:	Fjórlyft	Fjórlyft		

Saga

Fjölbýlishús með 6 íbúðum

Lóð úthlutað skv. ályktun bæjarstjórnar 3. júní 1976
Lóðarhafi Sigurmót hf, Garðabæ
Fyrstu aðaluppdrættir samþykktir af byggingarnefnd 6. október 1976
Lóðarleigusamningur gerður dags. 1. desember 1978

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Byggingartækni og efnisval eru hefðbundin dæmi síns tíma
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Hefur gildi sem hluti af skipulagssögu bæjarins
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Fellur vel að skipulagi og umhverfi
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsið er að mestu óbreytt í útliti, þrátt fyrir klæðningu
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsið virðist í góðu ástandi

Varðveislugildi:	Miðlungs	Er hluti af skipulagi fjölbýlishúsa með samræmdu útliti
Verndarflokkar:		

Fyrsti eigandi:

Hönnuður: Pálmar Ólason & Stefán Benediktsson

Upphafleg notkun: Íbúð

Núverandi notkun: Íbúð



teikning höfunda 1976



mynd 18. sept. 2019

Gerð húss:**Upphafleg:****Núverandi:****Helstu breytingar:****Hönnuðir breytinga:**

Byggingarefni: Steinsteipt

Útveggir: Múrsléttað

Þakgerð: Stallað risþak

Þakklæðning: Bárujárn

Undirstaða: Steinsteipt

Útlit: Fjórlyft

Steinsteipt

Málmlæðning

Stallað risþak

Bárujárn

Steinsteipt

Fjórlyft

1997 Klæðning á útveggi og laufskálar á svölum

Einar Ingimarsson, Arkitekt

Saga

Fjölbýlishús með 6 íbúðum

Lóð úthlutað skv. ályktun bæjarstjórnar 3. júní 1976

Lóðarhafi Sigurmót hf, Garðabæ

Fyrstu aðaluppdrættir samþykktir af byggingarnefnd 6. október 1976

Lóðarleigusamningur gerður dags. 1. desember 1978

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist: Miðlungs Byggingartækni og efnisval eru hefðbundin dæmi síns tíma

Menningarsögulegt gildi: Miðlungs Hefur gildi sem hluti af skipulagssögu bæjarins

Umhverfisgildi: Miðlungs Fellur vel að skipulagi og umhverfi

Upprunalegt gildi: Miðlungs Húsið er að mestu óbreytt í útliti, þrátt fyrir klæðningu

Tæknilegt ástand: Hátt Húsið virðist í góðu ástandi

Varðveislugildi: Miðlungs Er hluti af skipulagi fjölbýlishúsa með samræmdu útliti

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi:
Hönnuður: Róbert Pétursson

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Kjarrmóar 1 & 3, teikning höfundar 1980

mynd 18. sept. 2019

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steinsteyp	Steinsteyp		
Útveggir:	Múrsléttað	Múrsléttað		
Þakgerð:	Stallað risþak	Stallað risþak		
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn		
Undirstaða:	Steinsteyp	Steinsteyp		
Útlit:	Tvílyft	Tvílyft		

Saga


Lóð úthlutað skv. ályktun bæjarstjórnar dags.27. september 1979
Lóðarhafar Ævar Gíslason og Edda Einarsdóttir
Fyrstu aðaluppdrættir samþykktir af byggingarnefnd 9. janúar 1980
Lóðarleigusamningur gerður dags. 23. nóvember 1983

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Hverfi vel hannaðra raðhúsa, sem hefur haldið einkennum sínum frá upphafi
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Hefur gildi sem hluti af skipulagssögu bæjarins
Umhverfisgildi:	Hátt	Fellur vel að skipulagi og umhverfi
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið er að mestu óbreytt í útliti
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsið virðist í góðu ástandi
Varðveislugildi:	Miðlungs	Sjá umsögn um listrænt gildi / Byggingarlist
Verndarflokkar:		

Fyrsti eigandi:
Hönnuður: Róbert Pétursson

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Kjarrmóar 4 & 2, teikning höfundar 2007

mynd 29. sept. 2019

Gerð húss:**Upphafleg:****Núverandi:****Helstu breytingar:****Hönnuðir breytinga:**

Byggingarefni: Steinsteyp

Steinsteyp

Útveggir: Múrsléttað

Múrsléttað

Þakgerð: Stallað risþak

Stallað risþak

Þakklæðning: Bárujárn

Bárujárn

Undirstaða: Steinsteyp

Steinsteyp

Útlit: Tvílyft

Tvílyft

2007 Hús stækkuð um tvo metra til vesturs

Róbert Pétursson, Arkitekt

Saga

Lóð úthlutað skv. ályktun bæjarstjórnar dags.27. september 1979

Lóðarhafi Geir Ingimarsson

Fyrstu aðaluppdrættir samþykktir af byggingarnefnd 9. janúar 1980

Lóðarleigusamningur gerður dags. 10. nóvember 1982

Aðaluppdrættir að bílskúr samþykktir 21. október 1992

Byggingarár bílskúrs 1995

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:

Miðlungs

Hverfi vel hannaðra raðhúsa, sem hefur haldið einkennum sínum frá upphafi

